

Nr. 113 / 09 Fönix SH 98***Bilun og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6324
Smíðaður: Vogum 1981 plast
Stærð: 4,6 brl. 4 bt.
Mesta lengd: 7,88 m Skráð lengd: 7,85 m
Breidd: 2,12 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Volvo Penta 116 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 2



Fönix©RNS

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. september 2009 var skemmtibáturinn Fönix SH 98 á siglingu á Breiðafirði. Veður: Austan 5-8 m/s

Fönix var á siglingu frá Flatey til Stykkishólms og þegar komið var suður fyrir Gassasker varð báturinn skyndilega stjórnlaus. Við skoðun kom í ljós að önnur vökvalleiðslan í stýristjakknum hafði rofnað með þeim afleiðingum að allur vökvi rann niður í kjalsog. Sæfari sem var skammt undan var fenginn til að draga Fönix til hafnar í Stykkishólmi.

Við rannsókn kom fram:

- að vökvalögnin var ný 8 mm að utanmáli og úr plasti;
- að ljóst er að lögnin hafði hitnað og taldi skipstjórinn að hún hafi legið of nálægt túrbínunni því hún hafði hitnað talsvert vegna áreynslu vélarinnar í ferðinni. Eftir atvikið var legu lagnarinnar breytt þannig að þetta gæti ekki gerst aftur;
- að þessi lögn hafði gefið sig áður í bátnum sennilega af sömu ástæðum.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var rangur frágangur á vökvalleiðslu fyrir stýristjakk.